



Brunavarnir A-Hún.

Sameiginlegur fundur stjórnar og slökkviliðsmanna 25. mars 2009

Miðvikudaginn 25. mars 2009 kom stjórn Brunavarna A-Hún ásamt slökkviliðsmönnum saman til fundar í Sjálfstæðishúsinu, Húnabraut 13, kl. 20:00. Mæting skv. undirskriftum.

Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson, formaður setti fund og skipaði Arnar Þór Sævarsson fundarstjóra.

Dagskrá:

1. Bakvaktir.
2. Önnur mál.

Afgreiðslur:

1. Bakvaktir

Fyrir hönd stjórnar Brunavarna fór Ágúst Þór yfir fyrirkomulag bakvaktanna sem verið hafa í gangi frá áramótum. Fram kom að 12 aðilar skipta með sér bakvöktum og eru 3 til staðar í einu. Greiðslur fyrir bakvaktina samsvarar því að áður hafi 1 aðili verið á bakvakt en fyrirkomulagið var ákveðið til reynslu í haust. Miklar umræður urðu um fyrirkomulagið og reynslu af því. Tóku allir fundarmenn þátt í þeirri umræðu. Í lok umræðunnar var gert fundarhlé og af því loknu var lögð fram svohljóðandi tillaga:

„Sameiginlegur fundur slökkviliðsmanna og stjórnar Brunavarna A-Hún samþykkir að fela starfshópi sem vann að tillögunum um þriggja manna vaktakerfi að koma saman og leggja drög að áframhaldandi vaktakerfi sem byggir á reynslu síðustu þriggja mánaða. Kjaradeilu slökkviliðsstjórnanna er vísað til stjórnar.“

Tillagan var svo borin upp og samþykkt samhljóða. Í framhaldi af samþykkt hennar var lögð fram svohljóðandi tillaga:

„Sameiginlegur fundur slökkviliðsmanna og stjórnar Brunavarna A-Hún samþykkir að halda áfram með núverandi vaktakerfi þriggja manna á meðan starfshópurinn leggur drög að samningi um vaktakerfið.“

Tillagan var borin upp og samþykkt samhljóða.

2. Önnur mál.

Engin önnur mál voru færð til bókar

Fundargerð upplesin og samþykkt.
Fundí slitið kl. 21:30.

Ágúst Þór Bragason (sign.)

Arnar Þór Sævarsson, fundarstjóri

Gróa Lárusdóttir (sign)

Jón Aðalsteinn Sæbjörnsson (sign.)

Andrés Leifsson, slökkviliðsstjóri (sign.)

Hilmar Frímannson, varaslökkviliðsstjóri (sign) vék af fundi áður en honum lauk

Þórarinn Bjarki Benediktsson, slökkviliðsmaður

Berþór Gunnarsson, slökkviliðsmaður

Kári Kárason, slökkviliðsmaður

Guðmundur Grétarsson, slökkviliðsmaður

Sævar Sigurðsson, slökkviliðsmaður

Ragnar Sigtryggsson, slökkviliðsmaður

Guðmundur Svavarsson, slökkviliðsmaður
Sigurjón Guðmundsson, slökkviliðsmaður
Gunnar Ólafsson, slökkviliðsmaður
Auðunn Sigurðsson, slökkviliðsmaður
Björn Þórisson, slökkviliðsmaður